

SKIPULAGSSKRÁ

Æskulýðs- og fræðslusjóðs LAUF – félags flogaveikra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Æskulýðs- og fræðslusjóður LAUF – félags flogaveikra og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og styðja við æskulýðsstarf í þágu barna og ungmenna með flogaveiki, og skal miðað við að verkefni sem til greina koma gagnist sem flestum börnum og ungmennum; svo og að styðja við kynningu og fræðslu til almennings um flogaveiki og lífið með flogaveiki. Til úthlutunar styrkja má eingöngu verja tekjum sjóðsins að 2/3 hlutum. Stjórn sjóðsins skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með tryggilegum hætti. Höfuðstóllinn skal ávallt standa óskertur. Stjórn sjóðsins skal reyna að efla hann með styrkjum, áheitum og gjöfum.

4. gr.

Stofnandi sjóðsins er LAUF – félag flogaveikra, kt. 610884-0679.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3.153.000, sem lagt er fram af stofnanda en var gjöf frá félaginu Hrossarækt ehf., kt. 600111-0510. Stofnfé er óskerðanlegt.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi hjá sjóðnum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til 2 ára í senn. Formaður LAUF skal vera formaður og stjórn LAUF skipar einn annan úr sínum röðum og auk þess einn aðila utan félagsins í sjóðstjórnina.

Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Framkvæmdastjóri LAUF mun einnig teljast framkvæmdastjóri sjóðsins. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Skrifstofa LAUF heldur utan um fjárreiður sjóðsins. Ársreikningur með yfirliti yfir eignir sjóðsins og framlög úr honum skulu fylgja ársreikningi LAUF hverju sinni og skulu skoðunarmenn reikninga LAUF yfirfara ársreikninginn.

10. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta. Fyrsta styrkúthlutun úr sjóðnum fer fram í fyrsta lagi einu heilu reikningsári eftir stofnun, enda liggja fyrir reikningsskil og upplýsingar um laust fé til úthlutunar.

11. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar svo og aðalfundar LAUF – félags flogaveikra. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 13. maí 2013.

Bjarni Stefánsson.

Auður Steingrimsdóttir.